

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Reitur 1.171.5 – Laugavegur 20B – USK23080183.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 13. febrúar 2025, breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5 vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að bæta einni hæð ofan á vestur- og suðurhlíð hússins ásamt því að byggingarmagn er aukið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavíkurhöfn, Kleppsvík – Kjalarvogur 5 – USK24100005.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 6. mars 2025, breytingu á deiliskipulagi reits Reykjavíkurhafnar, Kleppsvíkur vegna lóðarinnar nr. 5 við Kjalarvog. Í breytingunni felst breyting á lögum á áður samþykktum byggingarreit á þann veg að ónýttir byggingarreitir við suðurhlíð hússins færast á svæði merkt C, þar sem fyrirhuguð frystivörugeymsla mun koma. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Heiðargerði 19 – USK25020176.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. maí 2025, breytingu á deiliskipulagi Heiðargerðisreits vegna lóðarinnar nr. 19 við Heiðargerði. Í breytingunni felst að breyta skilmálum þannig að innan byggingarreits B verði heimilt að byggja tvær hæðir í stað einnar hæðar með svölum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skógarhlíð – Skógarhlíð 10 – USK24110202.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. maí 2025, breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 10 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst að innkeyrslum inn á lóðina er breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlandsbraut, Grensás, Ármúli – Suðurlandsbraut 34 – USK25040041.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. maí 2025, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Grensáss, Ármúla vegna lóðarinnar nr. 34 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að heimilt verði að breyta þakhýsi og þaki hússins; létt þakhýsi verður fjarlægð, breytt þakhýsi stækkar og hækkar, lyftuturn hækkar og þakflötur nýttist sem þakgarður. Við breytinguna eykst nýtingarhlutfall lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 168-176 – Laugavegur 176 – USK25020018.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 27. maí 2025, breytingu á deiliskipulagi Laugavegar 168-176 vegna lóðarinnar nr. 176 við Laugaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að stækka byggingarreit 7. hæðar hússins ásamt því að byggingarmagn er aukið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.174.3 – Grettisgata 71 – USK24120116.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 5. júní 2025, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.3 vegna lóðarinnar nr. 71 við Grettisgötu. Í breytingunni felst að í stað þriggja lítilla kvista kemur einn stór kvistur með þaksvölum á mitt þakið, auk þakglugga sitthvoru megin við. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 27. júní 2025.

Brynjar Þór Jónasson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. júní 2025